

Lög Glímufélags Dalamanna

1. gr.

Glímufélag Dalamanna sem skammstafast hér eftir sem GFD, er félag innan UDN sem hefur keppendur sem iðka glímu innan sinna raða. Félagið starfar innan UDN, samkvæmt lögum ÍSÍ og GLÍ.

2. gr.

Tilgangur Glímufélags Dalamanna (GFD) er að vinna að eflingu glímunnar á sambandssvæði UDN, og vera samstarfsvettvangur aðildarfélaga UDN í glímu. Glímufélag Dalamanna gerir tillögur um niðurröðun glímumóta innan sinna vébanda og skipar dómara á þau. Það hefur einnig umsjón með skráningu á landsmót og ferðir á þau og annan vettvang er glímunni við kemur.

3. gr.

Málefnum félagsins stjórna:

1. Aðalfundur félagsins
2. Stjórn félagsins.

4. gr.

Aðalfundur félagsins skal halda árlega á tímabilinu 1. apríl-31. maí og skal boða til hans skriflega með minnst 7 daga fyrirvara. Í fundarboði skal getið um dagskrá fundarins og tillögur sem borist hafa. Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

5. gr.

Stjórn félagsins er skipuð þremur mönnum og tveimur til vara. Hún er kosin árlega á aðalfundi. Henni er skylt að senda skýrslur um öll glímumót til GLÍ innan mánaðar frá því mótið var haldið.

6. gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Setning fundar.
2. Kosning fundarstjóra og ritara.
3. Skýrsla fráfarandi stjórnar.
4. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar.
5. Tillögur og málefni sem borist hafa, tekin til meðferðar.
6. Kosning stjórnar.
7. Kosning varastjórnar.
8. Kosning skoðunarmenn reikninga.
9. Önnur mál.
10. Fundarslit.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í öllum málum nema um tillögur til lagabreytinga, þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.

7. gr.

Stjórn GFD velur fulltrúa á ársþing Glímusambands Íslands.

8. gr.

Tillögur sem leggja GFD niður er aðeins hægt að taka fyrir á löglegum aðalfundi og þarf minnst 2/3 hluta atkvæða til að teljast samþykkt. Sami fundur ákveður hvernig eignum félagsins skuli ráðstafað. Þeim má þó aðeins verja til glímu á sambandssvæði UDN.

9. gr.

Reiknisár GFD er almanaksárið. Reikningar félagsins og skýrsla stjórnar skal berast stjórn UDN árlega og nógu snemma til að birtast í árskýslu UDN. Starfsár stjórnar félagsins er milli aðalfunda.